## Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

# Kennsluáætlun

**Námsgrein: Íslenska**

**Bekkur/hópur: 10. bekkur**

**Kennari: Sara Ólafsdóttir**

**Tímabil: Haust 2023 og vor 2024**

# Hæfniviðmið

***Talað mál, hlustun og áhorf***

- Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas
- Gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu
- Nýtt aðferðir sem hann hefur lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar
- Hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni
- Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi

***Lestur og bókmenntir***

- Lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað
- Valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa
- Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því
- Leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis, og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð
- Notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum
- Unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum, túlkað þær, tengt saman efni sem sett er fram á ólíkan hátt og nýtt sér

***Ritun***

- Skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær
- Beitt reglum um réttritun, hefur náð góðu valdi á stafsetningu og gerir sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda
- Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar
- Valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.
- Notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um
- Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun

***Málfræði***

- Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.
- Áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, breytast sífellt, áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap
- Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.
- Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.

## Lykilhæfni

Sjá má viðmið fyrir þá lykilhæfni sem metin er í 10. bekk á heimasíðu Grunnskóla Húnaþings vestra https://grunnskoli.hunathing.is/static/files/lykilhaefni-vidmid-bara-toflur-.docx.pdf

## Helstu námsbækur og gögn:

- *Tungutak 2* - kennslu- og vinnubók í málnotkun, málfræði og stafsetningu
- *Tungutak 3* - kennslu- og vinnubók í málnotkun, málfræði og stafsetningu
- *Akam, ég og Annika*
- *Sölvasaga unglings*
- Rafrænt verkefnasafn - *Orð eru til alls fyrst*
- ,,Með fjaðrabliki…“ Bókmenntir fyrir efri bekki grunnskóla
- Lesskilningsverkefni (t.d. valin verkefni úr námsbókinni *Útbrot*)

- Ritunar- og stafsetningarverkefni (t.d. gagnvirk þjálfunarforrit og efni af skólavef)

## Námsmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær?

- **Lestur og bókmenntir:**
  Skáldsagan *Akam, ég og Annika*
  -*lestur* (bæði í skóla og heima) og *þátttaka í umræðum*
  -*verkefnasafn á google classroom* sem inniheldur verkefni og spurningar með völdum köflum. Ath. verkefni í safninu skal vinna jafnt og þétt á meðan á lestri stendur. Nemendur hljóta endurgjöf á verkefnasafnið jafnt og þétt á meðan á vinnu stendur.
  Skáldsagan *Sölvasaga unglings*
  -*lestur* (bæði í tímum og heima) og *þátttaka í umræðum*
  -*vinnubók á google classroom* sem inniheldur m.a. samantektir/lestrardagbók úr hverjum kafla, stuttar hugleiðingar ásamt fleiri bókmennta- og ritunarverkefnum. Ath. nemendur bera sjálfir ábyrgð á að vinna verkefni í vinnubók jafnt og þétt samhliða lestri.
  Nemendur hljóta endurgjöf frá kennara á vinnubókina jafnt og þétt á Classroom. Lokaskil á vinnubók eru í byrjun maí.
  *Kaflapróf, kannanir og styttri verkefni*, m.a. úr námsefninu Tungutak 3 og Útbrot
  *Lesskilningsverkefni og -kannanir*

- **Talað mál, hlustun og áhorf:**
  *Munnleg kynning á rökfærsluritgerð*
  *Áhorf á kvikmynd*, umræður og úrvinnsla
  *Hlustunarverkefni og -kannanir*

- **Ritun**
  *Rökfærsluritgerð*
  *Styttri ritunarverkefni, t.d. í tengslum við skáldsöguna Akam, ég og Annika* og *Sölvasögu*
  *Heimildaritgerð* (samfélagsfræðitengd heimildaritgerð sem einnig gildir til námsmats í íslensku)

- **Málfræði**
  *Kaflapróf* úr námsefninu Tungutak 2, Tungutak 3, Finnur 2 o.fl.
  Skilaverkefni úr verkefnasafninu *Orð eru til alls fyrst*

## Leiðsagnarmat:

- Fyrir áramót: Matssamtöl (kennari fer yfir niðurstöður úr kaflaprófum og styttri verkefnum með nemanda, þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar og hvernig gengur að ná þeim. Í framhaldinu eru frekari markmið og áherslur varðandi námið rædd).
- Fyrir áramót: Rökfærsluritgerð (nemendur vinna ritgerðina á Google Classroom undir handleiðslu kennara. Þar hljóta þeir reglulega endurgjöf og leiðbeiningar við vinnuna.
- Eftir áramót: Matssamtöl (kennari fer yfir niðurstöður úr kaflaprófum og styttri verkefnum með nemanda, þau hæfniviðmið sem liggja til grundvallar og hvernig gengur að ná þeim. Í framhaldinu eru frekari markmið og áherslur varðandi námið rædd).

- Eftir áramót: Heimildaritgerð (nemendur vinna ritgerðina á Google Classroom undir handleiðslu kennara. Þar hljóta þeir reglulega endurgjöf og leiðbeiningar við vinnuna.

| **Ágúst** | Viðfangsefni, verkefni/verkefnavinna /blaðsíður/próf/viðmið |
|---|---|
| 23.-25. | • Kynning á námsefni, markmiðum og helstu verkefnum haustannar.<br>• Upprifjun (klára Tungutak 2- Smáorð 7. kafli) |
| 28.-1. sept.<br>Starfsd. /Haustþing 1. | • Upprifjun (klára Tungutak 2- Smáorð 7. kafli)<br>• Tungutak - lesskilningur (bls. 7-12).<br>• Akam, ég og Annika – kynning á sögunni 1.-3. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. |
| **September** | |
| 4.-8. | • Tungutak 2 - Smáorð 7. kafla<br>• Akam, ég og Annika – 4.-7. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna (Fyrstu viðbrögð - verkefni 1) |
| 11.-15. | • Tungutak - Smáorð 7. kafla<br>• ,,Með fjaðrabliki…“ - valin ljóð og lagatextar.<br>• Akam, ég og Annika – 8.-11. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. |
| 18.-22.<br>Umhverfisdagur 20. | • Tungutak 2. - Smáorð 7. kafla<br>• Akam, ég og Annika – 12.-15. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. (Ritun úr 1.-12. kafla - verk. 2)<br>• ,,Með fjaðrabliki…“ - valin ljóð og lagatextar. |
| 25.-29. | • Málfræðiljósrit úr bókinni Finnur 2 (orðflokkagreining o.fl.)<br>• Akam, ég og Annika – 16.-21. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. (Orðarýni - verkefni 3)<br>• Lesskilningsþjálfun og hlustun- valin verkefni úr bókinni Útbrot. |
| **Október** | |
| 2.-6.<br>Starfsd 4.<br>Viðtalsd. 5 | • Málfræðiljósrit úr bókinni Finnur 2 (orðflokkagreining o.fl.)<br>• Akam, ég og Annika – 21.-26. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna.<br>• Lesskilningsþjálfun og hlustun- valin verkefni úr bókinni Útbrot. |
| 9.-13. | • Málfræðiljósrit úr bókinni Finnur 2 (orðflokkagreining o.fl.) |

| | |
|---|---|
| | • Akam, ég og Annika – 27.-33. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. (Spurningavinna í pörum - verk. 4) |
| 16.-20. | • Málfræðiljósrit úr bókinni Finnur 2 (orðflokkagreining o.fl.)<br>Könnun - orðflokkagreining<br>• Akam, ég og Annika – 34.-36. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna.<br>• Útbrot - Hlustunarverkefni |
| 23.-27.<br>25. starfsd.<br>26.-27. vetrarfrí | • Akam, ég og Annika –37.-40. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. |
| 30.-3.<br>2.-3. uppbrotsd. e. hád? | • Tungutak 3 - Ljóð og bragfræði<br>• ,,Með fjaðrabliki…“ - valin ljóð og lagatextar. Tungutak -<br>• Akam, ég og Annika – 41.-42. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. |
| **Nóvember** | |
| 6.-10.<br>Uppbrot<br>Árshátíð 10. nóv. 18:15 | |
| 13.-17. | • Tungutak - Ljóð og bragfræði frh.<br>• Akam, ég og Annika – 43.-45.. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. |
| 20.-24. | • Akam, ég og Annika – 46.-48. kafli - verkefni og spurningar í tengslum við efni kaflanna. Lokaverkefni - Hlaðvarpsþáttur |
| 27.-1. des. | • Rökfærsluritun hefst - nemendur velja sér ritgerðarefni og gera áætlun í samráði við kennara. |
| **Desember** | |
| 4. -8. des.<br>6. Jólauppbrotsd. | • Hlustunarverkefni / könnun<br>• Rökfærsluritun-ritgerðarvinna. |
| 11.-15. | • Rökfærsluritun-ritgerðarvinna<br>• Lokaskil á rökfærsluritgerð 15. des.<br>Munnlegar kynningar á ritgerð 13.-14. des. |
| 18.-20.<br>20. Litlu jól | • Áhorf á kvikmyndina Órói + úrvinnsla/verkefni<br>• Jólauppbrot |

| Jólafrí 21. des – 3. jan hjá nemendum | |
|---|---|
| **Janúar** | |
| 3.-5. jan. | ● Lesskilningsþjálfun og hlustun - valin verkefni úr bókinni Útbrot. |
| 8.-12. jan. | ● Tungutak 3 - 1. kafli (lesskilningur o.fl.)<br>● *Sölvasaga unglings* - Kynning á bókinni og verkefnum henni tengdri (vinnubók) |
| 15.-19. jan.<br>Starfsd. 15.<br>Viðtalsdagur 16. | ● Tungutak 3 - 1. kafli (lesskilningur, ljóðstafir, ljóðagreining o.fl)<br>● *Sölvasaga* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók |
| 22.-26. jan. | ● Tungutak 3 - 1. kafli ( Stigbreyting, ljóðagreining, bein og óbein ræða o.fl.)<br>● *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók |
| **Febrúar** | |
| 29.-2. feb. | ● Tungutak 3 - 1. kafli (upprifjunarspurningar o.fl.)<br>● *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók (Skilaverkefni - Mismunandi málnotkun sögupersóna) |
| 5.-9. feb. | ● Tungutak 3 - 1. kafli (Setningafr.)<br>● *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók<br>● Lesskilningsþjálfun og hlustun - valin verkefni úr bókinni Útbrot. |
| 12.-16. feb<br>*15-16. vetrarfrí.* | ● Tungutak 3 - 1. kafli (Setningafr.)<br>● *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók |
| 19-23. feb. | ● Tungutak 3 - kaflapróf úr 1. kafla<br>● *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók<br>● Lesskilningsþjálfun og hlustun - valin verkefni úr bókinni Útbrot |
| **Mars** | |
| 26.-1. mars | ● Skilaverkefni 1 í verkefnasafninu ***Orð eru til alls fyrst*** *(skil í lok næstu viku)*<br>● *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók |

| | |
|---|---|
| 4.-8. mars | • *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók<br>• Lesskilningsþjálfun og hlustun - valin verkefni úr bókinni Útbrot. |
| 11-15. mars | • Skilaverkefni 2 í verkefnasafninu ***Orð eru til alls fyrst*** *(skil í lok næstu viku)*<br>• *Sölvasaga unglings* - Lestur og úrvinnsla í lestrardagbók |
| 18-22. mars<br>Viðtalsdagur 22. | • *Sölvasaga unglings* - Lestur og umræður undir stjórn kennara<br>• Lesskilningskönnun<br>• Heimildaritun - kynning á verkefni, vinna hefst svo að fullu 15. apríl. |
| 25.-1. apríl | • Páskafrí 25.-1. apríl |
| **Apríl**<br>2.-5. apríl | • *Sölvasaga unglings* - Lestur og umræður undir stjórn kennara<br>• Skilaverkefni 3 í verkefnasafninu ***Orð eru til alls fyrst*** *(skil í lok næstu viku)* |
| 8.-12. apríl | • Tungutak - 4. kafli setningafræði<br>• *Sölvasaga unglings* - Lestur og umræður<br>• *Heimildaritun - nemendur þurfa að hafa valið efni og fengið samþykki kennara fyrir því eigi síðar en 12. apríl* |
| 15.-19. apríl | • Tungutak - 4. kafli setningafræði<br>• *Sölvasaga unglings* - Lestur og verkefnavinna (skil á vinnubók í lok vikunnar)<br>• Heimildaritun hefst |
| 22-26. apríl<br>sumard. fyrsti 25. | • Tungutak - 4. kafli setningafræði<br>• Heimildaritun |
| **Maí** | |
| 29.-3.maí | • Tungutak - 4. kafli setningafræði<br>• Heimildaritun |
| 6.-10. maí<br>uppstigningardagur 9. | • Tungutak - 4. kafli setningafræði - Kaflapróf úr 4. kafla<br>• Heimildaritun |
| 13.-17. maí. | • - Lokaskil á heimildaritgerð 13. maí |

| | |
|---|---|
| | <u>Útskriftarferð</u> |
| 20.-24. | • ??? |